



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

1. desember 2015

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi með netpósti þann 1. desember sl. Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn (RAMÝ) til umsagnar frumvarp um breytingar á lögum um (1) Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og (2) verndun Mývatns og Laxár í Suður-Píngeyjarsýslu, 371. mál. Fer umsögn RAMÝ hér á eftir.

Umsögn RAMÝ:

Aðalefni frumvarpsins er sameining rannsóknastöðvarinnar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn var frá upphafi þáttakandi í þeirri vinnu Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem leiddi til frumvarpsins, og þar af leiðandi gerir RAMÝ ekki athugasemdir við það. Ekki verður betur séð en að markmiðum laga um verndun Mývatns og Laxár verði fyllilega náð, og að frumvarpið sé í samræmi við þá heitstrengingu sem rannsóknastöðin hefur haft að leiðarljósi á þeim liðlega 40 árum sem hún hefur starfað:

...

NÁTTÚRURANNSÓKNASTÖÐIN VIÐ MÝVATN MARKMIÐ OG LEIÐIR

NÁTTÚRA MÝVATNS OG LAXÁR

Mývatn og Laxá og vatnasvið þeirra er lífríkt og fjölbreytt vatnakerfi sem á sér enga hliðstæðu á jörðinni. Svæðið nýtur sérstakrar verndar með lögum og alþjóðasamningi. Það laðar að sér fjölda ferðamanna og fóstrar jafnframt mikið mannlíf sem nýtir náttúruauðlindir þess. Náttúra svæðisins tekur umtalsverðum breytingum, m.a. vegna jarðfoks, eldvirkni, námuvinnslu, jarðhitanýtingar, ræktunar, breytinga á búfjárbreit, búsetu, samgöngumannvirkja og annarrar mannvirkjagerðar.

NÁTTÚRURANNSÓKNASTÖÐIN VIÐ MÝVATN

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn er vísindastofnun og fæst við rannsóknir á náttúru Mývatns og Laxár og vatnasviðs þeirra með það

höfuðmarkmið að skilja og sjá fyrir náttúrufrarsbreytingar. Stöðin leitast við að standa í fremstu röð í rannsóknum á vistfræði vatns og lífríki vatna og vöktun þeirra. Hún stefnir að því að rannsóknir á hennar vegum standist alþjóðlegar kröfur og að rannsóknaniðurstöður birtist í ritrýndum vísindaritum. Vegna gildis langtímagagna um ástand vatns og lífríkis þess fyrir rannsóknir og ráðgjöf safnar stöðin og heldur til haga slíkum gögnum. Stöðin birtir skrá um rannsóknir sem gerðar hafa verið á náttúru Mývatns og Laxár og vatnasviðs þeirra. Hún leitast við að laða til sín sérfræðipækkingu með samvinnu við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og að veita starfsfólki þeirra og nemendum í náttúrufræðum aðstöðu til rannsókna og hlutdeild í gagnasafni stöðvarinnar.

Miðlun þekkingar

Stöðin miðlar þekkingu á náttúru svæðisins til almennings og skóla í ræðu og riti og styður við sýningarhald og aðra fræðslu um náttúru svæðisins og nærliggjandi þjóðgarða. Hún er stjórnvöldum til ráðuneytis um hvaðeina er lýtur að fræðslu um svæðið, verndun þess og nýtingu. Stöðin leitast við að safna og miðla gögnum um sögu og menningu svæðisins og leggur sérstaka rækt við að styðja við skólustarf á starfssvæði sínu.

Umgengni

Við rannsóknir sínar leitast stöðin við að raska ekki náttúrunni eða trufla dýralíf, og að vinna í samráði við landeigendur og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.

...

Upplýsingar um starfsemi RAMÝ má finna á slóðinni www.ramy.is og á „Facebook“-síðu Náttúrufræðistöðvarinnar við Mývatn.

Með virðingu



Dr. Árni Einarsson,
forstöðumaður RAMÝ